

## LÖGREGLUFÉLAG GULLBRINGUSÝSLU

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1721*

Keflavík 24. apríl 1996.

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/ Veltusund  
150 Reykjavík.

*komudagur 29/4 1996*

### **Varðar frumvarp til lögreglulaga, 451 mál.**

Stjórn Lögreglufélags Gullbringusýslu stendur einhuga á bak við athugasemdir og greinargerð Landsambands Lögreglumanna varaðandi frumvarp til lögreglulaga. Stjórn L.G. vill þó leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði.


1. Að sú breyting verði gerð, sbr. 5 gr., á hlutverki sýslumannsembættanna að yfirstjórn löggæslunnar verði færð yfir til ríkislögreglustjóra. Ríkjandi fyrirkomulag ber öll einkenni gamla lénsskipulagsins og því engan veginn í takt við tímann. Núverandi skipulag stendur framgangi, menntun og þróun lögreglunnar fyrir þrifum. Er því full ástæða til að einfalda yfirstjórnina og fella út það skipulag sem vinnur gegn sjálfu sér.
2. Að tjáningafrelsi lögreglumanna varaðandi launakjör, félagslegan rétt, uppbyggingu og stjórnun lögreglunnar verði ekki á nokkurn hátt skert með lagasetningu sbr. 22. gr., þar sem slík lagasetning er líkleg til að stuðla að stöðnun löggæslunnar í þjóðfélaginu.
3. Að réttur lögreglumanna til aukastarfa og heiðarlegrar eignarmyndunar sbr. 32 gr., til handa sér og fjölskyldum sínum, verði á engan hátt skert umfram aðrar stéttir í landinu.
4. Að eftirlaunaaldur lögreglumanna verði færður niður um a.m.k. 10 ár eðli starfsins samkvæmt.

Að öðru leiti vísar stjórn L.G. til meðfylgjandi athugasemda í 10 liðum auk athugasemda og greinargerðar Landsambands Lögreglumanna sem Nefndadeild Alþingis hefur þegar borist.

F.h. stjórnar L.G.

Valur Ármann Gunnarsson,  
varaformaður.






### Greinargerð varðandi frumvarp til lögreglulaga

Eftirfarandi er álit stjórnar L.G. á framkomnu frumvarpi til lögreglulaga sent frá lögreglulaganefnd 1. febrúar 1996.

1. Með frumvarpi til lögreglulaga fylgdu skýringar á markmiðum og á þeim breytingum sem nýju lögin hafa í för með sér. Það sem á vantaði er greinargerð með frumvarpinu, rökstuðningur með tillögnum og álit minnihluta nefndarinnar á frumvarpinu en skýrt kemur fram í fylgiblaði frumvarpsins að ágreiningur hafi verið með nefndarmönnum og einnig að ekki kæmu fram öll þau atriði sem í skoðun væru gagnvart frumvarpinu.
2. Í 6. gr. 1 t.l. er kveðið á um að sýslumenn séu áfram lögreglustjórar hver í sínu umdæmi. Hefur Lögreglufélag Gullbringusýslu gagnrýnt þessa skipan mála þar sem ljóst er að þetta hefur staðið lögreglunni í landinu fyrir þrifum með uppbyggingu, samhæfingu, mismunun á starfsþjálfun, menntun og sérhæfingu lögreglumanna í huga. Þá lýsir það óreiðunni að 28 lögreglustjórar skuli sjá um yfirstjórn lögregluliðs í 260.000 manna þjóðfélagi þar sem aðeins starfa um 600 lögreglumenn en skipulag sem þetta gefur frekar til kynna pólitískan þef en einföldun og skynsamlega hagræðingu á skipulagi. Er það yfirlýst skoðun af hálfu L.G. að ríkislögreglustjóri fari alfarið með yfirstjórn lögregluliðs Íslands með vararíkislögreglustjóra og fulltrúa sér til fulltingsis þeim yfirlögregluþjónum sem færi með daglega stjórn einstakra lögregluliða. Vert er að hafa í huga gildi þess og réttlæti gagnvart borgurum, það skipulag löggæslunnar, að sami aðili ákveði og framfylgi sektargjörðum og sjái einnig um stjórn löggæsluframkvæmda.
3. Í 9. gr. kemur skýrt fram að löglærðir fulltrúar lögreglustjóra fari með lögregluvald þ.e. séu lögreglumenn sbr. 3 gr. frumvarps. Ljóst þykir að í sæti nefndra fulltrúa geta sest nýútskrifaðir lögfræðingar, aðilar á aldri undir þrifugu, sem enga reynslu hafa af löggæslustörfum eða öðru tengdu slíku starfi en þessir aðilar fara í raun með næst æðsta stjórnunarembætti hvers lögregluumdæmis. Þykir mikill galli á að ekki eru gerðar neinar kröfur til þessara aðila annað en lögfræðiþróf en eðlilegt væri að frekari menntunarkröfur væru þarna gerðar á sviði löggæslumála og má t.d. vísa þarna til erlendra lögregluháskóla á Norðurlöndum.
4. 22. gr. frumvarpsins er eðlileg gagnvart lögreglumönnum á allan máta nema þann er lýtur að tjáningu lögreglumanna gagnvart skipulagi lögreglunnar. Vel upplýstur almenningur gagnvart góðu skipulagi lögreglunnar gefur gott aðhald í þjóðfélaginu en dulúð gagnvart því gefur hinsvegar stjórnvöldum kost á að halda niðri aðbúnaði og framþróun á sviði löggæslumála með ótímabærum sparnaði, skapandi þannig falskt öryggi gagnvart almenningi. Auk þess telur stjórn L.G. þarna vegið að eðlilegu tjáningarfrelsi lögreglumanna sem þegna í lýðræðislandi.





5. Í 28. gr. 3 t.l. vantar ákvæði um starfslýsingar á starfstigum lögreglumanna og að nánar verði skilgreind hin ýmsu starfstig.  
Í sömu grein 4 t.l. kemur fram tilslökun á menntunarkröfum og fagmennsku til lögreglustarfa. Slíkt er gersamlega óásættanlegt og óábyrgt í lagasetningu sem þessari. Álit stjórnar L.G. er að ekki skuli nokkur starfa við löggæslustörf allan ársins hring sem ekki hefur hlotið tilskilda menntun til starfans. Bera má þetta saman við aðila sem réttur er kafarabúningur og sagt að nota hann án tilsgagnar eða aðili settur undir stjórnþæki flugvélar og leyft að hefja sig á loft án nokkurrar þekkingar á flugi.
6. 31. grein bannar lögreglumönnum verkfallsaðgerðir en ljóst er að þetta er samningaréttarlegur gjörningur sem ekki á heima í lagasetningu. En æskilegt er að hálfu löggjafans að séð verði til þess að lögreglumenn þurfi ekki að fara út í þrýstingsaðgerðir til þess eins að komast að samningaborði þegar launakröfur eru annarsvegar heldur ætti að tryggja að kaup og kjör lögreglumanna séu ekki ágreiningsatriði af augljósum ástæðum.
7. 32. grein tekur á launuðum aukastörfum lögreglumanna. Með þessu ákvæði er verið að útiloka þann möguleika lögreglumanna að viðhalda fjárhagslegu sjálfstæði ef til þess kemur að fjárhagur þrengist. Launakjör lögreglumanna hafa ekki verið með þeim hætti að forsvaranlegt sé að loka fyrir þann möguleika að komast í hlutastörf. Eðlilegra væri ef yfirstjórn löggæslunnar gæfi út hvaða störf hún teldi að samrýmdust ekki lögreglumannsstarfinu. Þá verður ekki betur séð en ákvæðið brjóti í bága við stjórnsýslulög þar sem í greininni kveður á um fyrirvaralausla afturköllun undanþágu á aukastarfi án rökstuðnings.
8. 33. grein tekur ekki nægjanlega á hámarksaldri lögreglumanna en æskilegt væri að lögreglumenn væru leystir frá störfum 60 ára gamlir. Þá er ekki tekið á þeim aldursmörkum í lagafrumvarpinu sem gefa lögreglumönnum rétt til dagvinnu en aldursmörk í því tilliti teljum við vera 50 ár.
9. 34. grein fjallar um kostnað við rekstur lögreglu og að hún greiðist úr ríkissjóði en æskilegt væri viðbót við þessa grein sem kvæði á um að ríkislögreglustjóri sæi um skiptingu þessa fjármagns til lögregluliðanna.
10. 36. grein kveður á um kærur gagnvart lögreglumönnum í starfi. Þarna vantar skýr ákvæði um ábyrgðir stjórnenda lögreglu gagnvart lögreglumönnum þegar svo bregður við. Svo og húsbóndaábyrgð stjórnvalda gagnvart löggæslunni. Skemmst er að minnst læknamistaka þar sem viðkomandi sjúkrahús eru gerð ábyrg fyrir mistökum lækna í starfi.

Stjórn Lögreglufélags Gullbringusýslu hefur ekki fleiri athugasemdir fram að færa að sinni en lýsir jafnframt ánægju sinni með ýmsar breytingar sem frumvarp til lögreglulaga kemur til framkvæmda sbr. þær grunnskipulagsbreytingar sem stofnun ríkislögreglustjóraembættis hefur í för með sér þó valdsvið þess embættis mætti vera meira.

f.h. stjórnar L.G.

  
Valur Armann Gunnarsson,  
varaformaður.